

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. janúar 2013 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sem samþykkt var í borgarstjórn þann 13. desember 2012. Niðurstaða Reykjavíkurborgar var auglýst 20. desember 2012.

Breytingin felst í því að stofnbrautin Holtsgöng eru felld niður, gert er ráð fyrir að byggingarmagn á svæði við Hringbraut (P3) verði 150.000 m² í stað 100.000 m². Lega stofn- og tengistíga á svæðinu breytist lítillega.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 25. janúar 2013.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2013